

## REGLUR

### um breytingu (34) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 56. gr.

Önnur málsgrein er ný svohljóðandi:

Heimilt er deild að víkja frá ákvæðum 1. mgr. og halda sjúkra- og upptökupróf strax í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí. Ákvörðun þar að lútandi tekur til einstakra námskeiða og felur í sér að próf í viðkomandi námskeiði er þá ekki haldið í ágúst. Próf skv. þessari málsgrein skulu fara fram í fimm til sjö daga á tímabilinu 20.-31. janúar og 10.-20. júní, skv. nánari ákvörðun prófstjóra, enda hafi deild tilkynnt þetta fyrirkomulag öllum skráðum nemendum í viðkomandi námskeiði minnst viku fyrir lok úrskráningarfrests skv. 1. mgr. 57. gr., þ.e. minnst viku fyrir 19. nóvember vegna próftímabils í desember og minnst viku fyrir 10. apríl vegna próftímabils í maí. Komi fram athugasemdir við tilkynninguna skal prófstjóri taka afstöðu til þeirra, en annars telst þetta fyrirkomulag hafa verið samþykkt.

Núverandi 2. og 3. mgr. verða 3. og 4. mgr.

#### 2. gr.

*Gildistaka og lagastöð.*

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 23. október 2007.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*